Sveitablaðið

Veturinn 1903-4

# Fjallfari

Síðasta blað 1. kerfis

4. Árg.

---

Skriflegt nýju- og kunnugum [illegible] gjald [illegible] komi til ritnefnd. fyrir 23 april

Sveitablaðið

Kemur út annanhvern laugardag. Ekki minna en sex arkir í hvert skifti

# Fjallfari

4. Ár | 2. Kerfi | 1. Blað | No 4

Ingveldarstöðum, M. d. 28/4. 1903

Ritnefnd

B. Sölvason K. Þ. Erlendsson

Sigurðar Lárusson

Heidrudu félagsmenn, Fjallfari bidur
afsökunar á því, ad hann kemur út einum
degi seinna en hann átti ad gjöra.
Ástædan fyrir því er sú, ad vid sem út-
nefndir vorum í ritnefnd 3ja. næstu
blada, vissum þad ekki fyr en einum degi
ádur en hann átti koma út, og vonum
vid ad flestir virdi okkur til vorkunar
þó vid tekjum okkur þetta bessaleyfi ad
láta hann koma þetta seinna út þar ed
þad var jóladagurinn sem vid hefdum
ordid ad brúka til ad skrifa hann, hefdi
hann átt ad fylgja sinni réttu áætlun,
enda vorum vid alveg óvidbúnir ad
taka vid þessum ritnefndarstörfum.
Svo er þad og álit okkar ad tími sá sem
hverju bladi er ætladur, sé langt of stuttur
því þad er sannad ad aldrei gjörir sér

ekki sem vera skyldi þar um að flytja
ferð bl. sem þyrfti til þess að þessi
tími nægi því.

Ritnefndin.

## Um málfundi

Eins og lesendum "Fjallfar." eflaust muna
byrtist fyrir skömmu í blaðinu grein
með þessari yfirsögn, þegar eg las grein
þessa gat mér ekki blandast hugur um
[illegible]hver sem hana læsi fyndist hún
ganga í mjög rétta átt, eg bjóst því við
að um þetta mál spynnust fjörugar
umræður í "Fjallfara." en sú von mín
hefir algjörlega brugðist, því ekki hefir
nokkurt orð sést í þá átt síðan.

Mér hefir því dottið í hug að rita
nokkur orð um þetta mál, þó eg hafi
mjög litla þekkingu á því, til að vita
ekki kynni að vakna áhugi á því og um
ræður hefjast. Það er þó alls ekki tilgan
minn að reyna að skýra þetta mál betur
en gjört var í "Fjallfara." því þar var svo glögg
lega sem unnt er lýst nauðsyn og ágæti mál
fundanna, þess er nóg að geta hér, að eg
er greinarhöfund alveg samdóma í öllum
höfuðatriðum. Það sem eg því einkum
vildi minnast á er að er fyrirkomulag málfun
félaga, mér er kunnugt að eitt slíkt félag
er starfandi á Sauðárkrók, og hef eg af
tilviljun, kynnst eitt hinnst stefnu og fyrirkomu
lagi þess, datt mér því í hug að birta í "Fjallf."
lítinn útdrátt af stefnu og fyrirkomulagi
þess, er hafa mætti hliðsjón af ef lesendum
"F.f." kynni að hug hvarnast að stofna slíkt
félag. Stefna félagsins er nákvæmlega hin
sama sem F.f. greinarhöfundur tók fram, n.l.
að vekja [illegible] glæða og efla áhuga manna á ýmsum
málefnum utanfélags og innan, enn fremur
gefa mönnum kost á að æfa sig í að koma
fram hugsunum sínum opinberlega fram
í ræðum svo aðrir heyri til, og að slíkt sé
nauðsynlegt skil eg ekki í að neinum ~~hug~~
andi manni geti blandast hugur um.
Fundir eru haldnir í félaginu annanhvor

laugardag, húsrúm til fundarhalda er leig
til alls vetrarins, og borga allir félagsmenn
þann kostnað ásamt ljósi hita og ritföngum
og mun láta nærri að það nemi 1 kr. á ma
en sjá sveitumönnum þyrfti kostnaðurinn
traudla að nema svo miklu, því sennileg
þykir mér, að bændur sem líka hinum á
verða félagsmenn, léðu húsrúm til fund
halda endurgjaldslaust, ljós og hita eru
inni til að komast móti af fyrir utan, að
minnsta kosti optast nær.
Í félaginu er kosinn fundarstjóri fyrir fra
til eins fundar í senn, svo útnefnir hann
skrifara, á hverjum fundi er kosin mál
nefnd til að undirbúa og sjá um mál
til næsta fundar, svo ekki strandi und
urnar á því að ekkert sé til að tala um
allar ræður og framkvæmdir félagsins eru
bókaðar í gjörðabók þess.
Þetta fyrirkomulag sýnist vera að mörg
leiti mjög hentugt í slíkum félögum,
ed það hefir mjög lítinn kostnað í för me
sem ásamt fleiri kostum eins og F.f. g
Tók fram, eru allmiklir örðugleikar á a

félagsskap hér í strjálbygðinni og mest
kostnaðurinn við þá yrðu ferðalögin á
fundarstaðinn.
Eg læt svo hér staðar numið að sinni, og
treysti því að einhverjir láti uppi álit sitt
um þetta mál, því ef nokkrir menn skyld
geta orðið samdóma um að stofna slíkt fél
þá ættu þeir að geta talað sig saman í „F.f."
og eins geta þeir sem á móti því eru, látið
það í ljósi.

Sigurj. Jónasson

## Nokkur orð frá utanfélagsmanni

Kæru sveitungar. Þó eg hafi ekki ritað
mitt nafn í „F.f." þá ætla eg nú samt að skrif
í hann nokkur orð. Mér finnst nú líka ei
inlegu að blaðið sé eign, eða ætti öllu held
að vera eign heimilanna, en ekki eign ein
stakra manna á heimilunum
Maður getur líka búist við að efni þess yrði
því fjölbreyttara og skemmtilegra sem fle
legðu orð í belg. Og vel finst mér geta
skeð að fleiri sèu ritfærir á heimilunum
en eingöngu þeir sem vilja „ganga" í blaðið
svo kallað.

Í Hólahrepp hefir verid sveitublad, sem va
sam[e]iginleg eign allra heimila, sem ann
vildu sjá þad og hegra, þetta finnst mér
frjálslegra. Og vér yngra fólkid viljum
efinlega hafa þá klútina út á hlutunum
Eg bjóst vid ad sjá nokkur ord vidvíkjan
því, ad jólin fóru í hönd, í þeim t. [...]
kæmi næst fyrir þau, en þad vard nú
ekki, nú fer nýárid í hönd, og þaraflú
andi ætla eg ad segja nokkur ord.
Gud gefi ad nýárid verdi ydur gledilegt
hamingju samt kæru sveitungar.
Gud gefi ad þad megi færa ydur áfr
á þeirri braut sem liggur í áttina til
framfara og farsældar. Ef ad gamla
skyldi skilja eftir sorgir, í hjarta einhv
þegar þad kvedur, þá gefi gud ad nýja
létti þeim af. Mér finnst engin t
ársins eins vel fallin til ad vekja alvar
hugarnir í sálu mannsins eins og áram
Hvar stöndum vér vid enda ársins?
Hvar stódum vér vid byrjun þess
Hefir oss farid nokkud fram á hinu

lidna ári? Höfum vér audgad anda vo
ad þekkingu, og hefir oss farid fram ein
og oss á ad fara? Eda stöndum vér í
stad, eda höfum vér kanski runnid aftu
á bak eins og barn sem er ad læra á
skídum og ætlar sér upp brekku?
Þad væri leitt ef vid þyrftum ad kann-
ast vid þad fyrir sjálfum oss ad svo hefdi
verid; því vid megum ekki vid því ad
oss þoki til baka, áfram áfram verdum vér
ad halda, af öllum þeim krafti, sem drottin
hefir gefid oss, til ad starfa med í lífsbarátt
unni.
Höfum vér kappkostad ad rækja skyldur vo
af fremsta megni, þær skyldur er lífid og
lífskringumstæturnar hafa lagt oss á herd
ar? Höfum vér á árinu sem er ad hverfa
í tímans stóra sjó, notad tækifærin, sem
oss budust til ad vinna medbrædrum
vorum gagn, og gledja þá sem sorg eda
bágindi mæddu?
Þad eru þessi smá atvik í lífinu, sem
vér þurfum ad gá ad, því af þeim saman
stendur allt lífid. Vér höfum kanski
hafst tækifæri í gær eda einhvern annan

ársins dag, til að vinna gagn þó kanski
í smáum stíl hafi verið, tala hlýleg orð,
auðsýna litla greiða, velgjörð eða hjálp,
en oss fanst þetta svo lítilfjörlegt að vér a
sintum því. Vér gáðum ekki að því að
þetta tækifæri kemur aldrei aptur hve
lengi sem vér lifum. Eitt einasta vanh
að orð, eða ein einasta stund, ~~sem vér~~ se
tilfinningarnar ráðu yfir skynseminni
og við höfum kanske snúið lífsstefnu
vorri í öfuga átt við ~~það~~ sem vér ætlum
í fyrstu, og verðum svo að súpa þar af be
eða skemur.
Hvar skyldum við standa við enda næsta
árs, skyldum vér þá verða hér á þessari
jörð? Og hvar stöndum vér gagnvart
dauðanum; ef hann skyldi bera einhverja
okkar að höndum. Spyrjum vér óhræddir
standa augliti til auglitis við hann.
Höfum vér kappkostað að leita athvarfs
hjá ~~þeim~~ honum, sem fæddist á jólunum fyr
rúmum 1900 árum, og sem einn getur
~~verið~~ oss til hughreystingar, ef ástvina

missir eða sjálfs okkar dauða, ber að höndum.
Góður guð gefi að við hefðum gjört það. Og
hann gefi oss öllum gott og gleðilegt ár

S. Á. Gísladóttir

---

Í þessa árs Fjallk. no 2 hefir „Skarða
búi" ritað grein og sýnt fram á að æski
legt væri, að Skálaknjúkur gæti orðið
eign sveitafélagsins, sem afréttarland.
Af því þetta mál er órætt þess vert að
því sé gaumur gefinn, vil eg biðja F. f. að
taka til meðferðar frá mér, nokkur orð um
það. Eg er algjörlega á sömu skoðun
og „Skarðabúi" að það væri æskilegt að Skála
knjúkur legðist í eyði, og hið grösuga og
kjarngóða land sem jörðinni tilheyrir
legðist til afréttarinnar. Eins er auðsætt
að það væri óheppilegt að vestanmenn
Engihlíðar og Vindhælishreppsmenn-
keyptu jörðina, einkum ef þeir legðu hana
ekki í eyði heldur héldu henni í byggingu
framvegis, og settu þangað einhvern ná-
unga, sem ekki er víst að yrði af betra

Reyndar mætti ætla að Vestan
~~[struck]~~um,
menn sem aðrir sjái hvað það er áríðand
að það séu vandaðir menn, sem eru á af-
skekktum ~~fjalla~~jörðum, og eins óráðið
sem afréttarpeningur verður fyrir. þegar
jarðir eru byggðar í miðri afrétt, svo ekki
ólíklegt að þeir legðu jörðina í eyði, þó þei
keyptu hana, einkum ef þeir eru mjög þun
andi fyrir afréttarland, og keyptu jörðin
í því skyni að bæta úr þeirri þörf, að öð
rosti virðist kaupið tilgangslítið.
En hvað svo þessu líður þeir ákjósanlegar
af öllum eins og "Skarðabúum" stingur upp
að Sandár- Staðar- og Rípurhrepps keyptu
Skalarhnjúk í félagi, á þann hátt kæmi
kaupið léttast niður, og yrði alls ekki til
finnanlegt. Eg veit til þess að þetta hefi
verið fært í tal við málsmetandi menn
í nefndum hreppanna, en þeir hafa tekið
dauft í það, þykjast nú orðið hafa nóg af
arland, og vilja ógjarnan leggja á sig n
útgjöld í því skyni, síst á meðan þeir
að borga Staðarafréttina, sem ekki verð
lokið fyrr en að 4–5 árum liðnum.

Eg er því miður vonlítill um að nefn
ir hreppar fáist til að eiga þátt í kaup-
inu, en býst fremur við að Sandárhrepp-
yrði að vera einn um það, eigi því að verða
framgengt. En ef miklir hagsmunir eru
sýnilegir í aðra hönd, þá tel eg ekki frágangssök fyr
hreppinn að ráðast í kaupið uppá sitt ein
dæmi, fengist jörðin með verulega góðu
verði, og útgjöldin við kaupið gætu komið
hlutfallslega jafnt niður á alla gjaldendu
hreppsins. Viðvíkjandi verði jarðarinnar
skal eg taka það fram, að eg er ekkert von-
góður um að það yrði mjög lágt, eigandi
hennar er þekktur að því að fara það sem
hann kemst í peningasökum, og get hugs
að að hann ekki vilji láta hundraðið mikið
fyrir innan 70 kr. yrði þá kaupverðið alls
að 700 kr. auðvitað er þetta ágiskun, gott
að taka því yrði verðið lægra.
Í veðdeild landsbankans má fá þessa upp-
hæð 700 kr. til 30 ára – ef fé er fyrir hendi
gegn jarðarveði, og eru afborgun og vextir
af upphæðinni kr. 57,65 á ári. Auk þess

yrði hreppsins að greiða opinber gjöld af
jörðinni er nema líklega allt að 7 kr. á ár
yrðu þá eptir þessu árleg útgjöld við kaup
ið allt að 60 kr. þar til láninu væri lokið.
Vita skuld er þetta ekki stór upphæð og all
ekki tilfinnanleg ef hún mætti greiðast be
línis úr sveitarsjóði, eins og nú á sér stað me
vexti og afborgun af Staðarafrétt og Selhó
en eg efast ~~mikið~~ um að sýslunefndin sam
þykki það. Þó ekki hafi hún fundið að
þessu fyrirkomulagi, enda stutt síðan
þetta var byrjað og um fremur litla upphæ
að ræða. Þá er eg mjög hræddur um að hú
verði því mótfallin, þegar upphæðin hæ
um fullan helming, að hún sé lögð á svei
sjóðinn án sérstaks endurgjalds frá þeim
nota hið keypta afréttarland, og því frem
má gera ráð fyrir þessu þar sem önnur sv
félög sýslunnar sem hafa keypt afréttarland,
borga þau ekki af sveitarsjóði heldur an
hvort með afréttartolli, eða sérstakri
niðurjöfnun, eptir ákveðni reglu á þá s
afréttarlandið nota.

fyrstu

Með þessu fyrirkomulagi var hér og ~~fyrstu~~
árin Staðarafréttar kaupið, andvirðinu
var jafnað niður á Borgsveitunga eptir
ábúðar- og lausafjár hundruðum, og búlaus-
ir sem notuðu afréttina borguðu afréttar
toll; en þegar Selhóla kaupið kom til, sem
gjört var til hagsmuna fyrir þann hluta
hreppsins, sem ekki mátti nota Staðaraf
nefnilega Strandar og Skarðamenn, þá var
breytt til og útgjöldin við hvortveggja kaup
in tekin beinst úr sveitarsjóði; og Borg
sveitungum borgað aptur það sem þeir
voru búnir að borga sérstaklega nefnil. 3 ja. ára
afborgun. Á þennan hátt eru útgjöld
bænda ekki teljandi, að eins dálitla hækkun
við auka útsvör þeirra. Sauðárkrókur
greiðir mestan hluta gjaldsins, og er eptir
atvikum ekkert út á það að setja. Aðeins
með þessum borgunarskilmálum
finnst mér geta komið til tals að kaupa
Skálaknjúk, fengist hann með þolan
legu verði, ekki yfir 600 kr. og lán, sem þessa

upphæd nemur fengist med gódum stjórn
En þar sem útgjöld hreppsins eru mjög
mikil, og útlit til þess ad þau fari heldur
hækkandi en lækkandi, mun hreppsnefnd
ekki gera þessi kaup nema það sé vili
meira hluta gjaldenda hreppsins.
Að ödruleiti getur sveitar stjórnin ekki ann
gjört í þessu máli fyrir næsta sýslufund
en að leita fyrir sér med félags við ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~pa og fengið vissu ~~fyrir~~ verði
jardarinnar. Læt eg svo útlalad um
þetta mál, en gott væri að fleiri létu t
sín heyra um það í "F.f."...

B. S.

## Öfug hagnadar hugsun.

Eg ~~er~~ hræddur um, að efni það sem h
fer á eptir, (kyki) ekki rétt hugsað af mér, en m
hugmynd er nú samt svona eins og hú
hér kemur fram. Eg ætla í stuttu máli
að láta skodun mína í ljósi um það, hvað
vitleysa það er af bændum hér um pláss
og órétt mun vera að segja alstaðar, að a

upp þennan hrossa fjölda sem menn hafa
hér yfir leitt. Engum sem fara hér um
Ströndina mun sýnast landrýmið svo
mikið að það leyfi, að á annað hundrað
hross gangi á þessum litla bletti; frá
Göngu skarðsá og litið eitt út fyrir Reyki
Blettur þessi er um 2 mílur á lengd
og valla meir en 400–500 faðma gras-
lendi milli fjals og fjöru til jafnaðar.
Valla mun ofmikið að gjöra 120 hross
hér á Ströndinni, og þegar tekið er til
lit til þess að hross fara vest með
jörðina af öllum skepnum okkar, slíta
hana í sundur og ganga svo nærri rótin
að víða má heita, að ekki sé annað eptir
en flag, þá er auðséð hvað það muni vera
hollt fyrir grasvöxtinn. Hér á Ströndinni
hagar svo til að menn geta komist af með
fá hross, því til aðflutninga mest allra
eru sjóhestarnir brúkaðir, sem líka er
mikið þægilegra. Eg ímynda mér að
nóg sé fyrir hvern búandi mann, að hafa
til jafnaðar 3–4 brúkunar hross og yrðu

þá brúkunar hross á allri Ströndinni
c 40, en nú munu sumir segja, að hrossin
eldist og verði ófær brúkun, og þar af leið-
andi þurfi að fá í skarðið, það er mikið
rétt, en eg er viss um, að ekki þurfi jafn-
mikinn tryppa fjölda og hér hafa er, til að gjöra
upp brúkunar hross vor, og mundi vera
nóg fyrir hvern bónda að hafa svo sem
1–2 tryppi, en vera ekki að sanka að sér
þessum fjölda af brúkunarlausu hrossa-
rusli, því þó mönnum þykki tryppin
þægileg til skuldalúkninga, þá skilja
ekki í að ekki megi fá aðrar skepnur sem
eru allt eins góðar til þess, og oftlega meir
arðberandi. Eptir þessarri áætlun minni
mundi mega komast af með 70 hross alls
hér á Ströndinni, og ~~[illegible]~~ það þó 50 færra
en nú er.

Nú mun einhver spyrja hvað á að hafa
sem er kostnaðarminna og meira arð-
berandi en tryppin, og skal eg fljótlega
svara því síðara með því að jafna
saman kindum og hrossum.

Eg ímynda mér að ekki sé of frekt í það
farið að ætla 10 ám land á móti hrossinu
og mætti því í staðinn fyrir 50 hross
hafa 500 ær, og ef maður reiknar svo ána
á 12 kr. þá gjöra þær allar 6000 kr. en
nóg mun ~~vera~~ að gjöra hrossið til jafnaðar
á 70 kr. og gildi það þá 3500, og er þá öllum
auðsær mismunurinn á þessum höfuð-
stólum. Eða hver þeirra er svo meira arð-
berandi, til skuldalúkningar, sér hver mað-
ur að ærnar eru betri, og sömuleiðis til
arðberandi eignar, óhætt mun vera að
ætla afurðir af ánni 7 kr. um árið og gefa
þá 10 ær af sér 70 kr. og mun ekki vera of
frekt í farið, en hvað gefur svo hrossið af
sér, gera má ráð fyrir að það sé hryssa, sem
eigi folald, og nóg mun vera að reikna
folaldið á 14 kr. og eru þá afurðirnar árið
misjafnar. Sumum mun finnast þetta
heldur frekt í farið, að því leiti að meira
þurfi að kosta ærnar að vetrinum en hross-
ið, það getur að vissuleiti verið satt, af því
við höfum allflestir þá reglu að setja hross

á gut og gaddinn, sem er líka voðalega vitlaus
aðferð. því eg ímynda mér að fátt sé okkur
verra í hörðum vetrum þegar menn eru
máske heytæpir fyrir hý og hindur sínar, en þ
að þurfa þá að taka mörg hross í hús og
og vanalega mun það vera svo að það sé
hrossin sem gjöra menn heylausa ef ...
er, vitaskuld er þau léttari á í góðum
vetrum en hindin, en ætli það gæti ek...
skéð að við þyrftum minna af hey handa
sauðfé okkar þá líka, ef land það sem ...
er beitt á væri ekki rótnagað af þessum
hrossasvarmi sem á því gengur, m...
hluta ársins, eða er nokkur svo fær að
hann gæti reiknað út þann skaða sem
hrossin gjöra oss með því, að ganga ...
mestu leiti óhindrað á túni og engjum,
ó hætt að segja haust og vetur, sömuleiðis
mikið af vorinu, því þó menn séu að
bagsa við að verja tún og engjar á vorin
þá er það gagnslaust kák á meðan við
komumst ekki svo langt að afgyrða
allt ræktað land, sem auðvitað væri

það þarfasta sem við getum gjört að land-
búnaðinum.

Sumir munu segja að meiri sé vanhöld
in á hindunum en hrossunum, það getur
gjarnan verið, en eg held að þau yrðu aldrei
svo mikil að ekki yrði mörgum þörtum
betra fyrir bóndann að hafa ærnar heldur
en hrossið, svo mín skoðun er þessi að hvernig
sem þessu máli sé snúið þá verði ætíð
sú hliðin uppi, að hindurnar séu þarfari
og betri eign en hrossin, eptir

Margt fleira væri hægt að færa þessu máli
til sönnunar, en bæði er það, að eg er óvanur
við ritsmíðar, og hef heldur ekki skoðað
málefnið svo ofan í kjölinn sem vert væri.

En vilji einhver sanna mér það gagn-
stæða mundi mér þykja vænt um það,
bara ef það væri á rökum byggt.

Því ekki gengur landbúnaðurinn of vel hjá
okkur þó við höfum ekki þær skepnur
sem heldur eru til ógagns en gagns.
Læt eg svo staðar numið með þetta mál en
vilji einhver vita um það í F.f. mun því verða
léð pláss. K.B. Erlendsson

## Gátur

1. Fór eg eitt sinn á fiskum víða, hafði
létt göngu af harðri stormsverju með
stórviðris förnum og sterkum ál böndu
sem hentuðu best á hörðum vatnsklá
Henti eg lásakrapts spor úr húsi melra
því síst vildi eg meta sundarkropps drun
lagði það mér léttsemd drjúga því a
bárunjólkin var mér nógu mikill vin
Fór eg með breiðri brimvallar síðu,
þrjótkunnar verðlaun sóktu víða.
Hér næst kom eg að hörmung svana
föðurlands losan flytti mér yfir.
Hitti eg fyrir mér hrúts máðir eina
sem fram hjá mér hljóp og fordum af
aði; um hrabarðs miðnætti hugði
engin myndi svo nakin, sem mér
virtist þessi; þá klæddi eg beinin þo
drykk góðum, svo hefði ei skaða af þe
klæðleysi. Braut mín lá yfir tra
raunsteinur, og þar við kendur þj

ing hugann. Á fjallseggjarsolar flagða
hnjúks stólpanum hneið eg fyrir þeim
Krakadætrum; hélt eg þvínæst fram un
haflatangar þar logalíf lá í nábýlum
Gjörsdrykkir skemmdu mér þessar
slóðir, því rúnahlýri vann fyrir
norðri, þroddi eg fyrir þrautar enda
fiski klæddur fjórtándu rúnar.
Hitti eg loks það kaupendur kjósa,
óbyggðar pláss að allra vomi; hafði e
þar hettuverð hjá hollum vinuna se
ótíðvetta mér innyfla böndin.
Hitti eg loks það höfðingja setur er
Mjölnir fordum markaði á nóttu,
var þar ráðandi Veturliði í tvöfaldu
standi; eg til hans var sendur, Merk-
húsa val eg mátti þar kanna draum-
njörum eina dragst svo til hryggjar
sómu málvaði svo hélt eg aptur yfir
tvær þjóðir endilangar. Átti eg vera

á öklar indum í tryggan morgun-
mintar gini. Fóstra ellinnar; fálka-
stólstjálda höfudstólsgestur og Bragnis
verja, sá sem þuluna saman setti, og
sínum líkum sendir ad ráda.

2. Það voru sex menn í ferð;
þrír þrælar og þrír kongar, og komu
ad fljóti sem þeir þurftu ad ferja sig
yfir, en ferjan var svo lítil ad það komst
ekki nema tveir í hana í einu, en
svo máttu aldrei vera saman fleiri
þrælar en kongar ~~is~~ því þá vildu þræ-
arnir drepa kongana, hvorki í ferjunni
eda á fljótsbökkunum, hvernig fóru
~~þeir~~ ad því þá?

3. Batt eg hest minn sem bragna
meina, vid saltan sjó og vatnid hreina
dýra mold og gjöri ei greina kolta
hödir og hulda steina. Vid hvad batt
hann hest sinn?

4 Madur nokkur var spurdur hve gam-
all hann væri hann svaradi eg er 3/4
úr 3/5 af aldri födur míns þegar han
var 2/3 af sínum aldri, en fadir sinn
var 72 ára gamall. Hve gamall
var þá sonurinn?

Málrúnagáta.

5. Magn í stungið eyk hjá ís og ál á hönn
á beysla dýri bragnar skeida
björk það heitir meiins heida

6. Hver er sú verkfær vinnukona, er mynd-
ud er af mörgum efnum, fögru tafli og
fjalladranga, sést þar líka sonur
njörfa, sem ad þetta gegnum gengur
og geigsifast því saman heldur, finn
á kenni framanverdri það sem lídur
lidið kalla, fótspor þessu föstu halda
laufeyjar gömlu loka dóttur.